

AÐ SKILJA VILJA OG VILJA SKILJA

Fatlaðir einstaklingar og aðgengi að refsivörslukerfinu:

Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða

Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, thi@ru.is
Ráðstefna á vegum réttindavaktar vefriðarráðuneytisins, 24. nóvember 2017

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Stofnun starfshóps Verkefni

Í janúar sl. skipaði ríkissaksóknari starfshóp um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða.

Starfshópnum var sætt að huga að atriðum sem varða tilhögun skýrslutöku af fötluðum gerendum og þolendum við rannsókn mála og fyrir dómi, fræðslu og þjálfun lögreglumanna, ákærenda og dómara á þessu sviði og aðkoma réttindagæslumanna að málunum.

Starfshópnum var talið að gera drög að verklagsreglum um meðferð ofangreindra mála og tillögur að lagabreytingum, ef þeirra er talin þörf, m.a. með hlöðsón af 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Eftirlatdir sérfræðingar skipuðu starfshópin: Kolbrún Benedíksdóttir, varahéraðsaksóknari sem jafnframt var formaður, Elís Kjartansson, lögreglufulltrúi, Helga Baldvins- og Bjargarðóttir, lögfræðingur og þroskaþjálfari, Ranveig Traustadóttir, prófessor í fötunarfræðum og forstöðumaður rannsóknarseturs í fötunarfræðum við Háskóla Íslands, og Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild HR.

WWW.HR.IS

13. gr. sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks

Aðgangur að réttarvörslukerfinu.

1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlyðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum.

2. Í því skyni að stuðla að því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttarvörslukerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir það fólk sem starfar á sviði réttarvörstu, einnig fyrir lögreglumenn og starfsfólk fangelsa.

WWW.HR.IS

Grundvallarsjónarmið

- Virðing fyrir sjálfræði og sjálfstæði fatlaðra einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir
- Viðeigandi aðlögun til að tryggja fötluðum einstaklingum aðgengi að réttlæti og réttarvörslukerfinu til jafns við aðra

WWW.HR.IS

Vinna nefndarinnar

- Yfirferð á framkvæmd lögreglu hér á landi, lagaákvæðum og dómum
- Fundir með hagsmunaaðilum og sérfræðingum
- Upplýsingar um framkvæmd á Norðurlöndum

WWW.HR.IS

Helstu tillögur nefndarinnar

1. Drög að verklagsreglum varðandi rannsókn kynferðisbrotamála þegar um er að ræða fatlaða einstaklinga
2. Endurskoðun laga varðandi skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi þegar um er að ræða fatlaða einstaklinga
3. Fræðsla, menntun og endurmenntun faghópa
4. Byrjað verði að halda utan um tölfærðni að því er varðar kynferðisbrot gegn fötluðum einstaklingum eða framin af fötluðum einstaklingum

WWW.HR.IS

Verklagsreglur lögreglu

- Góður og vandaður undirbúningur
- Aðkoma sérfræðinga, bæði hvað varðar tjáningarform, geðmat og greiningar
- Staðsetning skýrslutöku
- Aðkoma réttindagæslumanna
- Gæta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum nákominna og vitna

WWW.HR.IS

Lagabreytingar

- Heildarendurskoðun þarf að fara fram á þeim reglum sem gilda um skýrslutökur af sakborningi og vitnum í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, bæði á rannsóknarstigi og við aðalmeðferð máls

WWW.HR.IS

Lagabreytingar, frh.

- Lögð er áhersla á að sá möguleiki verði fyrir hendi að byggja á skýrslum hjá lögreglu sem teknar eru upp í hljóð og mynd og síðan spilaðar við aðalmeðferð. Í undantekningartilvikum þyrftu brotápolar að gefa skýrslu við aðalmeðferð.
- Lagt til að fyrstu skýrslur af brotápolum geti verið teknar án þess að sakborningur eða verjandi séu viðstaddir en hægt verði að óska eftir frekari skýrslu af brotáþola eftir að sakborningur hefur sjálfur gefið skýrslu.

WWW.HR.IS

Lagabreytingar, frh.

- Lagt er til að skýr heimild verði í lögum um rétt fatlaðra brotþola eða sakbornings til að hafa með sér stuðningsaðila við yfirheyrslur, hvort sem er hjá lögreglu eða fyrir dómi. Þessi stuðningsaðili getur t.d. verið réttindagæslumaður fatlaðs fólks eða annar hæfur aðili sem sjálfur er ekki vitni í máli.
- Lagt er til að lögin heimili dómara að kalla til sérkunnáttumann við skýrslutökur ef taka á skýrslu af fötluðu fólki.

WWW.HR.IS

Fræðsla

- Fræðsla, menntun og endurmenntun faghópa
- Fræðsla um félagslegan skilning á fötlun og mannréttindum fatlaðra einstaklinga
- Fræðsla um aðferðir við yfirheyrslur og skýrslutökur þegar vitni, gerandi eða brotþoli nota óhefðbundnar tjáningarleiðir eða eiga erfitt með að tjá sig

WWW.HR.IS

Tölfræði

Byrjað verði að halda utan um tölfræði að því er varðar kynferðisbrot gegn fötluðum einstaklingum eða framin af fötluðum einstaklingum

WWW.HR.IS
